

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

15. desember 2022

Tilvísun í mál nr. 202211-0028 (RTh, BK)

Vísað er til tölvubréfs frá Sveitarfélaginu Hornafirði, dags. 11. nóvember 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um deiliskipulag sem nær yfir jarðirnar Hjarðarnes (159484), Háhól (189543), Garðshorn (189542), Hólanes (226427), Dilksnes (159472) og Dilksnes 2 (224559).

Gert er ráð fyrir byggingu íbúðarhúsa, byggingum fyrir landbúnaðarstarfsemi, atvinnustarfsemi og húsnæði fyrir ferðaþjónustu.

Skipulagssvæðið er tvískipt og nær yfir um 37 ha. Svæðið er skammt norðan Hafnar. Skipulagssvæðið er nær algróið og liggur milli Suðurlandsveggar/Hafnarveggar að austanverðu og Hornafjarðar að vestanverðu. Hluti svæðisins er votlendur og um það kvíslast lækir. Land hefur verið framræst að hluta til. Heimalandið, næst byggingum, er að stærstum hluta til ræktað land en einnig hafa verið ræktuð tún á Hólanesi og víðar. Mannvirki standa á grónum klapparholtum sem eru hærra í landinu. Á jörðunum er stundaður landbúnaður, garðyrkjustarfsemi, steypustöð og ferðaþjónusta.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér aðalskipulagsbreytinguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Líkt og fram kemur í greinargerð er skipulagssvæðið innan svæðis sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt á B-hluta Náttúruuminjaskrár vegna vistgerða á landi, fjöruvistgerða og fugla. Því er afar mikilvægt að við hvers kyns framkvæmdir og mannvirkjagerð sé þess gætt að rýra ekki verndargildi svæðisins.

Í greinargerð kemur fram: „Skv. 61 gr. náttúruverndarlaga, nr. 60/2013, njóta votlendissvæði, yfir 2 ha sérstakrar verndar en ekki liggur fyrir skilgreining eða afmörkun á votlendissvæðum. Svæðið nýtur ekki sérstakrar verndar skv. aðalskipulagi...“

Í kortasjá Náttúrufræðistofnunar fyrir sérstaka vernd (<https://serstokvernd.ni.is/>) má sjá að votlendið á Hólanesi fellur undir 61 gr. náttúruverndarlaga, nr. 60/2013.

Fyrirhugaðar byggingarframkvæmdir og tengd mannvirki munu aðallega vera á manngerðu landi á núverandi bæjartorfu innan um önnur mannvirki sem fyrir eru á svæðinu (Byggingareitir B2 -B8, og lóðir 3 og 6 skv. deiliskipulagsupprætti).

Lóðir 1 og 2 og 4 og 5 eru hins vegar á fremur lítt röskuðum svæðum. Lóðir 4 og 5 á Dilksnesi eru staðsettar innan um grasigróna ávala hóla sem flokkast í língresis- og vingulsvist en á milli þeirra er gróskumikið deiglendi sem flokkast í grasengjavist en báðar vistgerðirnar heyra undir graslendi (Regína Hreinsdóttir o.fl. 2006). Verndargildi þeirra er metið hátt og eru einnig á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar (Jón Gunnar Ottósson o.fl. 2016). Ráðgert er að leggja nýjan vegslóða heim að lóðum 4 og 5 sem liggur að mestu meðfram túnnum en einnig út í deiglendið.

Í kringum Dilksnesið er hins vegar mikið flæðiland og votlendi sem endurspeglast í þeim vistgerðum sem þar eru ríkjandi, bæði í fjöru og á landi. Má þar nefna skeraleirur, gulþörungaleirur og gulstararfítjavist en þessar vistgerðir njóta verndar skv. 61 gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Í



bland við gulstörina, sem er ríkjandi í gulstararfitjavist, vaxa þar gjarnan tegundir sem eru bundnar við sjávarfitjar, s.s. marstör og strandsauðlaukur sem telst fremur sjaldgæfur. Bæði gulstararfitjavist og skeraleirur eru svokallaðar sem forgangsvistgerðir með mjög hátt verndargildi, auk þess sem þær eru á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar (Olga Kolbrún Vilmundardóttir o.fl. 2019, Jón Gunnar Ottósson o.fl. 2016).

Mikil trjárækt er í kringum bæjartorfuna á Dilksnesi sem skv. greinargerð sem fylgir deiliskipulaginu: „fegri ásýnd og dregur úr áhrifum af byggingum“. Þó að Náttúrufræðistofnun geri ekki athugasemdir við trjárækt í kringum bæjarstæði þá er eindregið hvatt til þess að fylgst sé með því að trjáræktarplöntur berist ekki út í votlendi og fitjar sem umkringja Dilksnesið og helst ætti einungis að notast við innlendar plöntur.

Lóðir 1 og 2 í Hólanesi eru á mjög verðmætu landi að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands, einkum lóð 2 sem er yst á Hólanesi. Fyrir utan gamalt sláttutún eru ríkjandi vistgerðir á Hólanesi gulstararflóavist og gulstararfitjavist. Sú síðarnefnda kemur ekki fram á vistgerðarkorti NÍ en skv. gróðurkortlagningu sem gerð var á hluta þessa lands í tengslum við fyrirhugaða hitaveitulögn á svæðinu eru þarna fitjar með sjávarflæðastörum sem er bein vísun í gulstararfitjavist (Ásrún Elmarsdóttir o.fl. 2015, Rannveig Thoroddsen og Svenja N.V. Auhage 2018). Í kringum Hólanes eru svo skeraleirur. Allar þrjár vistgerðirnar njóta verndar skv. 61. grein náttúruverndarlaga og hafa allar mjög hátt verndargildi og eru skilgreindar sem forgangsvistgerð auk þess sem þær eru á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar (Olga Kolbrún Vilmundardóttir o.fl. 2019, Jón Gunnar Ottósson o.fl. 2016).

Á Hólanesi er ráðgert að heimilt verði að byggja allt að 300 m² íbúðarhús auk þess sem leggja þarf veg að húsunum eftir endilöngu nesinu. Lóð 1 liggur að mestu á gömlu sláttutúni en engu að síður liggja lóðamörk utan í votlendi sem þarna er sem og fyrirhuguð heimreið. Þar sem ráðgert er að lóð 2 verði yst á Hólanesi liggur landið lágt allt í kringum hólinn sem byggingareiturinn er á og um það liggja álar og þar gætir að öllum líkindum sjávarflóða á stórstreymi. Þarna er gulstararfitjavist ríkjandi en eins og að framan greinir gilda ýmis verndarákvæði um hana. Leiða má líkum að því að Ísland er eina landið innan Evrópu þar sem gulstararfitjavist finnst.

Fuglalíf á sjávarfitjum, í votlendi og graslendi við Hólanes, Dilksnes og Hafnarnes er fjölbreytt en sumarið 2015 fundust þar alls 23 tegundir, þar af 19 tegundir varpfugla. Meðal annars voru skráðar 12 tegundir mófugla. Einnig má nefna að á sjávarfitjum og flæðiengjum milli Dilksness og Hólaness er grágæsavarp sem og líklegur náttstaður grágæsa. Á svæðinu var einnig stór hópur óðinshana í æti. Á sjávarfitjum milli Dilksness og Hafnarness fundust brandandapar og stakur fugl en vitað er að brandönd verpur á þessum slóðum. Einnig voru þar hettumáfar og kriur í varpi. Þá nýta álfrit, grágæsir og stökkendur fitjarnar til fæðuöflunar (Ásrún Elmarsdóttir o.fl. 2015).

Náttúrufræðistofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við deiliskipulag á sjálfu Dilksnesinu en mælir hins vegar eindregið gegn frekari uppbyggingu á Hólanesi og er vísað í þessu samhengi til ábendingar stofnunarinnar um að svæðinu yrði ekki raskað með lagningu hitaveitulagnar (Ásrún Elmarsdóttir o.fl. 2015, Rannveig Thoroddsen og Svenja N.V. Auhage 2018). Þeim tilmælum var ekki fylgt og hefur því hluta Hólaness verið raskað með lagningu nýrrar hitaveitulagnar sem þverar fitjarnar og er það miður. Það dregur þó ekki úr mikilvægi þess að hlífa þeim hluta Hólaness sem enn er tiltölulega óraskaður.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að sinni.



Heimildir:

Ásrún Elmarsdóttir, Rannveig Thoroddsen og Svenja N.V. Auhage 2015. Stofnæð hitaveitu frá Hoffelli að Höfn í Hornafirði: úttekt á gróðurfari og fuglalífi. Náttúrufræðistofnun Íslands NÍ-15006. Unnið fyrir RARIK. Garðabær: Náttúrufræðistofnun Íslands.

Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir, ritstj. 2016. Vistgerðir á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54. Garðabær: Náttúrufræðistofnun Íslands.

Olga Kolbrún Vilmundardóttir, Ásrún Elmarsdóttir, Borgþór Magnússon, Guðmundur Guðmundsson, Ingvar Atli Sigurðsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Kristján Jónasson, Lovísa Ásbjörnsdóttir, Marianne Jensdóttir Fjeld, Sigmar Metúsalemsson, Starri Heiðmarsson, Sunna Björk Ragnarsdóttir, Póra Hrafnisdóttir og Trausti Baldursson 2019. Framkvæmdaáætlun náttúruminjasrár 2018: svæðaval og ávinningur verndar. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-19008. Garðabær: Náttúrufræðistofnun Íslands.

Rannveig Thoroddsen og Svenja N.V. Auhage 2018. Breytingar á leið stofnæðar hitaveitu frá Hoffelli að Höfn í Hornafirði: úttekt á gróðurfari og fuglalífi. Náttúrufræðistofnun Íslands NÍ-18004. Unnið fyrir RARIK. Garðabær: Náttúrufræðistofnun Íslands.

Regína Hreinsdóttir, Guðmundur A. Guðmundsson, Kristbjörn Egilsson og Guðmundur Guðjónsson 2006. Gróður og fuglalíf á rannsóknasvæði fyrirhugaðrar vega- og brúargerðar við Hornafjarðarfljót. Náttúrufræðistofnun Íslands NI-06017. Unnið fyrir Vegagerðina. Reykjavík: Náttúrufræðistofnun Íslands.

Bestu kveðjur

Borgný Katrínardóttir

Líffræðingur, náttúruverndarsvið / Biologist, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is

